

Ed.

362. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um línurit yfir vegi.

Frá Gísla Jónssyni.

Hver árangur hefur orðið af ályktun Alþingis frá 3. des. 1943, þar sem ríkisstjórninni er falið að láta gera línurit, er sýni vegi landsins í km í hverri sýslu, og senda Alþingi niðurstöður fyrir 15. febr. 1944?

G r e i n a r g e r ð .

Í des. 1943 var í Sj. afgreidd þál., sem fól ríkisstjórninni að láta gera línurit yfir alla vegi á landinu, svo að þingmönnum væri ljóst, hvernig vegakerfið skiptist niður á hinar ýmsu sýslur í landinu. Þótti alveg nauðsynlegt, að slík gögn lægju fyrir á Alþingi, áður en teknar væru fullnaðarákvarðanir um skiptingu vegafjár á hverjum tíma. Var frestur sá, sem stjórninni var settur til þess að láta ljúka verkinu, þ. e. 15. febr. 1944, miðaður við það, að þessar upplýsingar lægju fyrir, áður en gengið yrði að fullu frá fjárlögum fyrir árið 1945.

Þessi gögn hafa enn ekki verið lögð fram á Alþingi. Er þess því vænt, að ríkisstjórnin upplýsi, á hvaða stigi málið standi, hvað drættinum valdi og hvenær vænta megi, að gögnin verði lögð fram alþingismönnum til afnota og gagnlegra upplýsinga.